

Fundargerð Félags rannsóknarstjóra á Íslandi

11. fundur 17. Mars 2015 kl. 08:30 – 09:30

Mættir á fund voru:

Ásta Sif Erlingsdóttir, Kristján Kristjánsson, Hörður G Kristinsson, Ingibjörg Ómarsdóttir, Oddný S. Gunnarsdóttir.

Dagskrá fundar

1. Undirbúningur fyrir aðalfund þann 25. mars. Praktísk atriði rædd, ss. dagskrá aðalfundar, félagsgjöld, fjallað um tillögu Kára um námskeið á vegum félagsins og Kristján mun gera drög að bréfi til menntamálaráðherra um rannsóknagagnagrunn, sem lagt verður fyrir aðalfundinn
2. Ásta Sif kynnti það helsta af vinnufundi sínum hjá EARMA í Brussel í mars.
 - a. Helstu niðurstöður **Tecno**polis skýrslunnar Skýrslan fjallar um úttekt á 7 rammaáætluninni. Þar kom meðal annars fram að verkefnastjórar skipta miklu máli um velgengi verkefna og þau verkefni sem höfðu verkefnastjóra frá A- Evrópu voru talin standa sig best.
 - b. Tengslanet skiptir mjög miklu máli.
 - c. Ýmis tæknileg atriði hafa orðið þess valdandi að verkefni hafa ekki komist áfram.
 - d. Einnig er vandamál þegar verið er að skipta um yfirmenn verkefna, því verða verkefnisstjórar og aðrir að geyma alla tölvupósta sína sem innihalda upplýsingar um verkefni.
 - e. EARMA hyggur á að halda námskeið fyrir verkefnastjóra í stórum verkefnunum.
 - f. Einnig var varað við Vision 2020 fyrirtækinu, þar sem það krefst hárra greiðslna fyrir takmarkaða þjónustu.
3. Ásta Sif vakti athygli á námskeiðum sem Rannís stendur fyrir þe Robert Porter (en hann hélt námskeið á vegum félagsins) 25. mars og kynningu á Marie Curie styrkjum þann 27. mars